

Almennt

Texti skjals:

Umfang

Stefna Menntamálastofnunar um afhendingu gagna til birtingar og rannsókna lýtur að nýtingu helstu gagnasafna Menntamálastofnunar, þ.e. samræmdra könnunarprófa, Lesferils, ytra mats leik-, grunn- og framhaldsskóla, PISA og TALIS rannsókna OECD.

Markmið

Markmið stefnunnar er að stuðla að skilvirkni í nýtingu gagna stofnunarinnar

Menntamálastofnun aflar, greinir og miðlar gögnum sem nýtast í þágu aukins árangurs nemenda og betri þjónustu við þá. Stofnunin stuðlar að auknum gæðum skólastarfs og framförum í þágu menntunar í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið til að tryggja að nemendur fái notið bestu mögulegrar menntunar.

Meginstefna Menntamálastofnunar er að birta almennar niðurstöður mats, prófa eða alþjóðlegra rannsókna (hér eftir matstæki) með sem aðgengilegustum hætti í skýrslum, opnum gagnagrunnum eða á heimasíðu stofnunarinnar. Viðmið um almenna birtingu á hverju matstæki fylgja lagaákvæðum og samningsbundnum ákvæðum er lúta að hverju matsæki fyrir sig. Sækja þarf sérstaklega um aðgang að öðrum niðurstöðum eða gögnum til frekari úrvinnslu.

Leiðir að markmiði

Þeir sem fara fram á að fá afhentar niðurstöður eða gögn umfram það sem birt er samkvæmt viðmiðum fyrir hvert matstæki fyrir sig gera það með erindi til Menntamálastofnunar. Grunnregla Menntamálastofnunar er að birting eða afhending gagna til rannsókna fylgi reglum og viðmiðum persónuverndarlaga og annarra laga og takmarkana, svo sem þeim sem fram koma í samþykki þátttakenda á nýtingu gagnanna eða takmörkunum sem byggjast á fjölda þátttakenda. Ákvörðun um afhendingu gagna er tekin af sérstakri nefnd sérfræðinga Menntamálastofnunar sem skipuð er fulltrúum matssviðs og greiningarsviðs auk lögfræðings stofnunarinnar.

Stefna Menntamálastofnunar nær til tvennskonar erinda um afhendingu niðurstaðna eða gagna:

1. Erindi frá *fjölmíðlum eða stjórnsýsluaðilum* um gögn umfram það sem þegar hefur verið birt opinberlega um niðurstöður prófa og mats á vegum Menntamálastofnunar. Slíkar beiðnir þurfa að berast með formlegu erindi til Menntamálastofnunar á netfangið postur@mms.is.
2. Erindi frá *fræðimönnum* um aðgengi að ítarlegri gögnum úr prófum og matsferlum á vegum Menntamálastofnunar en fram koma í skýrslum eða gagnagrunnum, t.d. gögnum vegna rannsókna. Beiðni um slík gögn þarf að berast með formlegri umsókn. Umsóknareyðublað má sækja á vef Menntamálastofnunar og skal senda útfyllta umsókn á netfangið postur@mms.is. Fram þarf að koma hverjir eru aðstandendur rannsóknarinnar eða úrvinnslunnar, lýsing á tilgangi rannsókna og rannsóknaráætlun. Ennfremur á grundvelli hvaða lagaheimilda óskað er eftir afhendingu gagna, eða heimildum annarra aðila (t.d. persónuverndar), lýsing á gögnum sem leitað er eftir og hópum eða próftökum sem óskað er eftir gögnum um, tengingar við önnur gögn ásamt öðru sem kann að eiga við.

Menntamálastofnun vill stuðla að rannsóknum á sviði menntamála. Liður í því er að gefa fagaðilum kost á rannsóknarsamstarfi um frekari nýtingu á gögnum stofnunarinnar. Ósk um rannsóknarsamstarf skal berast með erindi til Menntamálastofnunar. Markmiðið er að gefa rannsakendum og fagaðilum kost á samstarfi um vinnslu tiltekinna gagna og/eða skýrslu- og greinaskrif sem nýtast til að svara hagnýtum og fræðilegum spurningum er tengjast íslensku skólastarfi. Nefnd sérfræðinga stofnunarinnar fjallar um og tekur afstöðu til slíkra umsókna og eftir atvikum mótar þær frekar í samráði við umsækjendur. Auk faglegra sjónarmiða getur svarið tekið mið af því svigrúmi sem stofnunin hefur til að leggja vinnu í slíkt samstarf hverju sinni.

Eftirfarandi vinnureglur gilda um birtingu á helstu prófum og matstækjum á vegum Menntamálastofnunar:

Samræmd könnunarpróf meta stöðu nemenda í 4. og 7. bekk og á unglingsstigi (nú í 9. bekk). Prófin byggja á lýsingum aðalnámskrár grunnskóla á þeirri kunnáttu, leikni og hæfni sem gert er ráð fyrir að nemendur nái valdi á við lok yngsta, mið- og unglingsstigs. Lagt er mat á stöðu nemenda í íslensku og stærðfræði á öllum aldursstigum og að auki er staða nemenda í ensku metin á unglingsstigi.

- Um almenna birtingu á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa gilda ákvæði reglugerðar 173/2017 þar að lútandi og grunnreglur Menntamálastofnunar um birtingu niðurstaðna.

- Niðurstöður samræmdra könnunarprófa eru birtar opinberlega fyrir landið sem heild, kjördæmi, sveitarfélög, skóla og eftir kyni.
- Tekið er mið af úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál um að ekki skuli birta niðurstöður þegar tíu eða færri próftakar eru að baki þeim.

Lesferill er safn matstækja sem tengjast lestri og skólum er frjálst að nota. Um er að ræða einfaldar lestrarmælingar sem henta vel til að kanna stöðu nemenda með reglulegum hætti (t.d. próf í lesfimi, lesskilningi og réttritun) og próf sem henta til að safna viðbótarupplýsingum þegar staða einstakra nemenda er til skoðunar (t.d. stuðningspróf).

- Þar sem meginmarkmið Lesferils er að gefa skólum kost á að meta stöðu einstakra nemenda takmarkast birting niðurstaðna við landið í heild og eftir kyni á matstækjum sem meginþorri skóla notar.

Ytra mat leik-, grunn- og framhaldsskóla er unnið með viðmiðum og vísbendingum um gæði. Skýrslur skólanna eru birtar á heimasíðu Menntamálastofnunar.

- Um almenna birtingu á ytra mati gildir grunnregla Menntamálastofnunar um birtingu niðurstaðna.
- Í skýrslum eru niðurstöður matsins annars vegar birtar með upplýsingum um hverja vísbendingu eins og gert er hjá framhaldsskólum eða sem heildarmynd þar sem safnað er saman niðurstöðum vísbendinga fyrir hvert viðmið eins og gert er í leik- og grunnskólum.

PISA er alþjóðlegt könnunarpróf sem gefur mynd af þekkingu og færni í þátttökulöndum við lok grunnskóla og veitir upplýsingar um stöðu og þróun menntakerfa þátttökulanda í alþjóðlegum samanburði. Í gagnagrunnum OECD kemur fram hvaða svör tilheyra sama skóla og kjördæmi. Allar niðurstöður, svör og upplýsingar um einstaklinga og skóla í PISA eru ópersónugreinanlegar. Menntamálastofnun afhendir hvorki né birtir nánari upplýsingar um frammistöðu í einstökum skólum eða sveitarfélögum í PISA. Þessi stefna er í samræmi við afstöðu OECD og nokkrar ástæður liggja þar að baki.

- Um almenna birtingu á niðurstöðum PISA er farið eftir tilmælum OECD.
- Niðurstöður á PISA eru birtar fyrir Ísland í heild og fyrir kjördæmi. Frá og með PISA 2021 verða niðurstöður birtar fyrir núverandi kjördæmaskipan í stað eldri kjördæmaskipunar og eftir kyni.
- Rannsóknarsnið og próffræðilegir eiginleikar PISA miða að því að veita heildarmynd af stöðu skólakerfis í hverju landi en veitir ónákvæmar upplýsingar um einstaka nemendur og smærri hópa. Niðurstöður fyrir sveitarfélög eða einstaka skóla geta því gefið ónákvæma eða jafnvel villandi mynd af raunverulegri hæfni og getu nemenda. Þetta á við um Ísland jafnt og önnur þátttökulönd PISA þrátt fyrir að allir nemendur á Íslandi taki þátt.
- Skýrt þarf að vera fyrir nemendum og skólum að niðurstöður í PISA séu ópersónugreinanlegar. Þetta er mikilvægt bæði til að tryggja að þátttakendur svari spurningalistum opinskátt og til að nemendur og skólar séu viljugir til áframhaldandi þátttöku í PISA.
- Gagnagrunnar úr öllum PISA-könnunum eru aðgengilegir í heild sinni á vefsíðu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Þar má finna upplýsingar um frammistöðu nemenda á ólíkum sviðum, svör nemenda við margvíslegum spurningum um bakgrunn, nám, líðan og fleira, ásamt svörum skólastjóra um ýmsa þætti skólastarfs.

TALIS er alþjóðleg rannsókn á kennsluháttum, starfsaðstæðum og viðhorfum kennara og skólastjóra og er ætlað að gefa mynd af skólakerfum þátttökulanda.

- Reglur Menntamálastofnunar um birtingu og nýtingu gagnanna taka mið af persónuverndarsjónarmiðum, grunnreglu Menntamálastofnunar um afhendingu gagna, ákvæðum um nýtingu gagnanna sem fram komu í kynningu á rannsókninni og samþykki fyrir þátttöku og með hliðsjón af afstöðu OECD þar að lútandi.
- Niðurstöður TALIS eru birtar fyrir landið í heild og eftir ýmsum bakgrunnsbreytum sem spurt er um í spurningalistunum eftir því sem tilefni er til en ekki eftir nafni kjördæmis, sveitarfélags eða skóla.
- TALIS byggir á úrtaki kennara og skólastjóra í þátttökulöndunum og dregur ályktanir um stöðu skólastarfs í þeim. Þetta á við um Ísland jafnt og önnur þátttökulönd TALIS þótt allir kennarar og skólastjóra á Íslandi séu í úrtakinu.
- Samþykki fyrir þátttöku í TALIS kveður á um að þátttaka fari fram undir nafnleynd. TALIS er að stórum hluta viðhorfakönnun og er nafnleyndin sérstaklega mikilvæg í því samhengi til þess að tryggja að þátttakendur svari spurningalistunum opinskátt og könnunin gefi raunsanna mynd af þeim þáttum sem henni er ætlað að meta nú og í komandi fyrirlögnum. Þetta getur takmarkað birtingu gagna ef samspil breyta opnar möguleika á rekjanleika einstaklinga eða hópa þátttakenda.
- Gögn TALIS eru varðveitt hjá Menntamálastofnun og fer úrvinnsla gagnanna hér á landi fram þar.
-

Ábyrgð:

Framkvæmdastjórn.

Samþykki:

Framkvæmdastjórn.

Endurskoðun:

Breytingar eða athugasemdir:

Upplýsingar um skjalið

Fyrirsögn:	Tegund skjals:	Útgáfudagur:	Útgáfunúmer:
Birting og afhending gagna	STE-0003	25.06.2020	1
Efnisyfirlit:	Ferli:	Endurskoðun á:	Útgefandi:
Inniðir	Stefna og markmið, Stjórnun kerfis	12 Mánaða fresti	Guðrún Birna Jóhannsdóttir
Ritstjórn:	Ábyrgðarmaður:	Staðfesting á lestri:	
Kolfinna Jóhannesdóttir	Arnór Guðmundsson	Kolfinna Jóhannesdóttir - 26.06.2020 10:26 Sveinbjörn E. Y. Gestsson - 25.11.2020 08:39 Sverrir Óskarsson - 17.02.2021 12:51	

Útgáfudagur: 25.06.2020.

Athugið: Nýrri útgáfa af þessu skjali gæti verið til í Gæðahandbók.